



# Fundargerð 239.fundar

## Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 10. apríl 2019 kl. 16.15 kom stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs saman til fundar á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga, Akureyri.

Fundinn sátu: Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður, Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður, Axel Grettisson ritari, Eva Hrund Einarsdóttir, Ólína Freysteinsdóttir, Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir og Björg Erlingsdóttir. Einnig sat fundinn Þröstur Friðfinnsson áheyrnarfulltrúi.

Að auki sat fundinn: Pétur Ólafsson hafnarstjóri.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

### 1. Ársreikningur 2018.

Davíð Búi Halldórsson frá ENOR fór yfir helstu kennitölur reikningsins. Rekstrartekjur voru 771,5 millj. Rekstrargjöld 444,4 þar af afskriftir 52,6 millj., og nettó fjármagnsgjöld 4,5. Hagnaður ársins að teknu tilliti til afskrifta, fjármunatekna og gjalda var 322,6 millj. Þar af söluhagnaður eigna 85,4 millj. Ársreikningurinn var undirritaður og samþykkt að vísa honum til aðalfundar.

### 2. Eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið er að skerpa á að eftirlit og framkvæmd fjárfestinga sé samkvæmt ákvæði 109.gr. sveitarstjórnarlaga um almennt stjórnarsýslueftirlit og 112.gr. um frumkvæðismál. Dan Brynjarsson sviðsstjóri fjársýsluviðs kom inn á fundinn undir þessum lið og fór yfir málið. Stjórn HN felur hafnarstjóra að taka upp samræmt vinnulag varðandi viðauka líkt og er hjá Akureyrarkaupstað.

### 3. Rafvæðing stærri skipa.

Frá því í haust hefur Verkís verið að vinna að skýrslu fyrir Hafnasamlag Norðurlands bs. þar sem kannaðir eru möguleikar á að rafvæða stærri skip á Akureyri. Jóhannes Ófeigsson frá Verkís kom á fundinn undir þessum lið og kynnti stöðu verksins.

### 4. Ársreikningur Hafnasambands Íslands 2018

Lagður fram ársreikningur Hafnasambands Íslands fyrir árið 2018. Ekki eru gerðar athugasemdir við reikninginn.

### 5. Staða verklegra framkvæmda.

Hafnarstjóri fór yfir stöðu verklegra framkvæmda.



## 6. Þjónusta við hafnir Norðurlands.

Hafnarstjóri kynnti samning sem er klár til undirritunar sem felur í sér að Hafnasamlag Norðurlands bs. sinni hafnsögu og bátþjónustu við Húsavíkurhöfn. Felur samningurinn í sér þjónustu við öll flutningaskip og skemmtiferðaskip sem til Húsavíkur koma frá og með 15. apríl n.k. Gert er ráð fyrir að HN staðsetji að staðaldri einn bát á Húsavík. Stjórn HN fagnar að komin sé niðurstaða í málið og staðfestir samninginn. Hafnarstjóra falið að undirrita samninginn auk þess að tryggja að mannhald sé í samræmi við aukna vinnu.

## 7. Fasteignamál

Fyrir liggur kauptilboð Hafnasamlags Norðurlands bs. að fasteigninni Laufásgata 1 fastanúmer 214-8670 af Stáldeildinni ehf. Stjórn HN felur hafnarstjóra að ganga frá kaupunum samkvæmt framlögðu gagntilboði. Kaupverðið verður greitt af handbæru fé og verður viðauki við framkvæmdaáætlun vegna þessara kaupa lagður fyrir á næsta fundi.

## 8. Önnur mál.

### a. Hafnarsvæði HN

Hafnarstjóri kynnti kort sem sýnir hvert hafnarsvæði fyrir hverja höfn innan hafnasamlagsins. Einnig er eitt kort sem sýnir helstu siglingaleiðir inn og út Eyjafjörð.

Engin önnur mál.

### Fundagerðin yfirfarin og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

Fundi var slitið kl. 18:15

Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður

---

Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður

---

Axel Grettisson ritari

---

Eva Hrund Einarsdóttir

---

Jana Salóme Ingibjargar Jósépsdóttir

---

Ólína Freysteinsdóttir

---



Björg Erlingsdóttir

---

Pétur Ólafsson hafnarstjóri

---